

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

4. fundur, föstudaginn 14. desember 2007, klukkan 9.00
í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15.

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Elín R. Líndal, Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Freysteinn Sigurðsson, Hjörleifur B. Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Stefán Arnórsson, Þorkell Helgason, Þorsteinn Tómasson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir.

Unnur Brá Konráðsdóttir boðaði forföll.

Starfsmenn verkefnisstjórnar: Hreinn Hrafnkelsson. Ingibjörg Halldórsdóttir boðaði forföll.

1. Ýmis álitamál varðandi vinnu við 2. áfanga rammaáætlunar

Freysteinn Sigurðsson fór yfir greinargerð um ýmis álitamál varðandi vinnu við 2. áfanga rammaáætlunar. Freysteinn fjallaði um þau atriði sem hann taldi að sérstaklega gæti þurft að huga að í þeirri vinnu, en þar er um að ræða eftirtalin atriði:

1. Afmörkun virkjunarsvæða.
2. Munur á náttúruvernd, í þrengri merkingu, og landslagsvernd.
3. Hugsanlegur munur á matsaðferðum vegna vatnsafls og jarðhita.
4. Hugsanleg fjölgun vatnsaflskosta til athugunar.
5. Landsvitt samanburðaryfirlit vegna vatnsaflsvirkjanasvæða.
6. Fjöldi og viðfangsefni matshópa.

Greinargerð Freysteins var send til verkefnisstjórnar fyrir fundinn.

2. Minjar í 1. áfanga rammaáætlunar og reglur Unesco um menningar- og náttúruminjar sem falla undir heimsminjaskrá

Kristín Huld Sigurðardóttir fjallaði um reglur Unesco um menningar- og náttúruminjar sem falla undir heimsminjaskrá. Hún benti m.a. á að í ágúst 2007 hefði ríkisstjórnin samþykkt nýja yfirlitsskrá (tentative list) yfir fyrirhugaðar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrána.

[Innskot: Eftirtaldir staðir eru á yfirlitsskránni:

Náttúru- og menningarminjar: Breiðafjörður.

Náttúruminjar: Þingvallasvæðið; Vatnajökulsþjóðgarður; Mývatn; Atlantshafshryggurinn (alþjóðleg raðtilnefning þar sem Ísland yrði hugsanlega í forsvari í samstarfi m.a. við England, Portúgal, Noreg, Spán og fleiri lönd).

Menningarminjar: Íslenskar torfbyggingar ásamt tengdu búsetulandslagi (raðtilnefning); Víkingaminjar (alþjóðleg raðtilnefning þar sem Ísland verður í forsvari í samstarfi við m.a. Danmörku, Svíþjóð, Þýskaland (Slésvík-Holstein), Kanada og fleiri lönd).]

Kristín Huld fjallaði einnig um mat á minjum í 1. áfanga rammaáætlunar. Hún benti á að sá áfangi hefði verið unninn án virkrar þátttöku minjavörslunnar og niðurstöðurnar oft undarlegar. Menningarminjar virtust hafa orðið útundan í framhaldsvinnu og ekki væri gert ráð fyrir neinum rannsóknum þó svo flest svæðin sem „metin voru“ hafi verið óskráð og því ómögulegt að leggja mat á þau með tilliti til menningarminja, en að hennar mati þyrfti að bæta úr þessu varðandi vinnu við 2. áfangann.

Glærur frá erindi Kristínar fylgja með fundargerðinni.

3. Aðferðafræði við mat á virkjunarkostum

Þóra Ellen Þórhallsdóttir fór yfir þá aðferðafræði sem faghópur 1 notaði við mat á virkjunarkostum í 1. áfanga rammaáætlunarinnar, en verkefni faghópsins var að skilgreina og afmarka þau fyrirbæri íslenskrar náttúru og menningarminja sem teljast verðmæt, mæla eða meta gildi þeirra og meta áhrif framkvæmdar á þessi verðmæti, sem og að bera saman virkjanakosti.

Glærur frá erindi Þóru Ellenar fylgja með fundargerðinni.

4. Umræða um verkefni framundan

a) Áherslur í verkefnavali og fjárhagsáætlun ársins 2008.

Rætt var stuttlega um áherslur í verkefnavali og fjárhagsáætlun ársins 2008. Fyrir fundinum lágu drög að rannsóknar- og kostnaðaráætlun vegna rannsóknar á landslagi á háhitasvæðum sem Þorvarður Árnason hafði unnið að beiðni formanns. Einnig var rætt um mikilvægi þess að koma fyrir rannsóknarþætti sem lyti að sjálfbærni og afleiðingum af nýtingu háhitasvæða. Ábending kom fram um að Halldór Ármannsson hefði mikla þekkingu á því sviði. Formanni falið að vinna þessi mál áfram en málinu að öðru leyti frestað til næsta fundar.

b) Breyting í háhitahópi

Verkefnisstjórnin samþykkti að Halldór Ármannsson tæki við formennsku í ráðgjafahópi um mat á háhitasvæðum af Stefáni Arnórssyni, en Stefán hefur látið af störfum í hópnum að eigin ósk.

c) Önnur verkefni

Formaður skýrði frá því að borist bréf frá Línuhönnun þar sem fyrirtækið lýsti áhuga á að vinna fyrir verkefnisstjórnina og óskaði eftir fundi til að kynna starfsemi fyrirtækisins, sem og til að ræða um stöðu og framhald vinnu við rammaáætlunina.

5. Tillaga að fundaaætlun fyrir fyrri hluta árs 2008.

Verkefnisstjórnin ræddi tillögu að fundaaætlun fyrir fyrri hluta ársins 2008. Engar ákvarðanir voru teknar að þessu sinni og málið verður rætt aftur á næsta fundi, en lagt er til að fundað verði eftirtalda daga:

- 22. febrúar,
- 11. apríl, og þá verði einnig farið á Reykjanes,
- 25. apríl,
- 23. maí,
- 20. júní ferð á háhitasvæði í Þingeyjarsýslu. Fundur á Húsavík með áhugafólki. Fundur í verkefnisstjórninni.

Aðrir fundir með hagsmunahópum.

Engir fundir verða í júlí og ágúst.

4. Næsti fundur

Næsti fundur verður í Þjóðmenningarhúsi, föstudaginn 11. janúar, klukkan 9.00-11.00 (upphaflega átti fundurinn að vera 18. janúar).

Fundi slitið klukkan 12.00.